

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Kjalarnes – Saltvík.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 27. maí 2016 breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall á reit A er aukið úr 0,1 í 0,2 og byggingarreitur skilgreindur og að byggingarreitur á reit C er færður til, að núverandi vegi, og byggingarreitur skilgreindur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Grensásvegur 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 27. maí 2016 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg. Í breytingunni felst heimild til að byggja hótél á lóðinni, fækkun á heildarfjölda bílastæða í samræmi við breytta notkun byggingarinnar, tengibygging sem áður var tvær hæðir verður ein hæð og byggingarreitur fyrstu hæðar stækkar lítilllega til suðurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 13. júní 2016.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 29. júní 2016